

## Stjórnarfundur foreldra- og hollvinafélags ME

Dags; 30.11.2021, kl. 17:00

Mættir; Árni Ólason, Fjóla Orradóttir, Steinunn Snædal, Þórunn Björg, Björgvin Steinar

Fundarstjóri: Árni Ólason skólameistari, Fundarritari: Björgvin Steinar

### Dagskrá

#### 1. Árshátíð og þemaball 3. des.

Árshátíð hefur verið frestað um eina viku, verður haldin fimmtudaginn 9. Des. Er þetta gert að ósk nemendafélagsins, þar sem örfáir nemendur eru í sóttkví eftir að upp kom smit innan veggja skólans. Enn sem komið er, eru engar vísbendingar um að smit hafi dreifst á milli nemenda né starfsfólks í skólanum.

Allir gestir á árshátíð þurfa að sýna niðurstöðu covid hraðprófs við innkomu. Ekkert ball verður eftir árshátíð, vegna tímatakmarkana um opnunartíma skemmtistaða.

Það er engin sérstök vinna sem foreldrafélagið þarf að koma að vegna árshátíðar.

#### 2. Önnur mál

Stutt umræða um hvort félagið komi að einhverju leiti að útskrift nemenda, gjöf eða viðburður? Það hefur ekki verið gert hingað til en ákveðið að stjórnarmenn velti fyrir sér hvort eitthvað slíkt komi til greina. Þó verður tæplega eitthvað gert í þessu núna í desemberútskrift.

Hvað er hægt að gera til þess að tryggja að öllum nemendum líður vel í skólanum? Poolborð eða önnur leiktæki aðgengileg í skólanum þar sem nemendur geta komið saman ?

Það eru tvö borðtennisborð upp á sal og eru nemendur nokkuð duglegir við að safnast saman þar.

Foreldrafélagið sendir fyrirspurn á NME til að fá hugyndir að því hvort eitthvað brenni á nemendum eða hvort eitthvað vanti þar sem hægt er að aðstoða. T.d. spil, leiktæki, fyrirlestur eða fræðsla ?

Fundargerðir eru vistaðar á heimasíðu ME.

<https://www.me.is/is/skolinn/folk-og-felog/foreldra-og-hollvinafelag-me>